



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**117. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Skógarbraut 946 Ásbrú, 262 Reykjanesbæ, föstudaginn 12. maí
2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Hildur Björnsdóttir tók þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

Pawel Bartoszek formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Uppland Garðabæjar, Urriðavatnsdalir, Urriðakotshraun, Heiðmörk og Vífilsstaðahraun - 2204001

Erindið var kynnt á 116. fundi þann 28. apríl 2023, var frestað og er nú lagt fram að nýju.

Fyrirliggjandi er tölvupóstur skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023 þar sem óskað er umsagna vegna skipulagstillagna sem eru í kynningu:

- Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar og vegna Flóttamannavegar.
- Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum (Golfvöllur og fólkvangur).
- Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Lögð fram umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 12. maí 2023 til samþykktar.

Umræður.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.